




Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugavatni



Reykjavík, 14. júní 2017
Tilvísun: 201610026 / 3.5

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Búrfellsvirkjunar ásamt umhverfisskýrslu, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur, með erindi dags. 22. maí 2017, sent Skipulagsstofnun tillögu að breytingu á deiliskipulagi Búrfellsvirkjunar, ásamt umhverfisskýrslu skv. 3. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana. Tillaga að deiliskipulagsbreytingunni ásamt umhverfisskýrslu var samþykkt til auglýsingar 5. apríl 2017.

Í tillögunni felst eftirfarandi: Gerðar eru breytingar á efnistökusvæðum, efnislosunarsvæðum, lóðum vinnubúða, legu vega, legu jarðstrengs, stærð byggingarreita, legu frárennisskurðar o.fl.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir eftirfarandi athugasemdir við breytingartillöguna og umhverfismat hennar:

- Fyrirhuguð staðsetning námu E7 við Guðmundareyri/Fauskáslæmi virðist vera í ósamræmi við aðalskipulag. Samkvæmt aðalskipulagi er náma E7 á malareyri úti í miðri Þjórsá á mótis við Fauskása en deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir efnistökusvæði á norðurbakka Þjórsár.
- Umhverfisskýrsla er ófullnægjandi. Upplýsingar vantar um staðhætti á fyrirhuguðu efnistökusvæði E7 og áhrif efnistöku á jarðmyndanir og gróður. Ekki er fjallað um breytingar á efnislosunarsvæðum í umhverfisskýrslu þrátt fyrir að það hafi staðið til skv. matslýsingu. Að auki er ekki fjallað um áhrif breytinga á menningarminjar við Sámsstaði og náttúruverndarsvæði við Fossá líkt og stóð til skv. matslýsingu. Að öðru leyti vísast til 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana um það sem koma skal fram í umhverfisskýrslu.

Jafnframt er bent á að lagfæra þarf eftirfarandi:

- Í greinargerð er náma E9 við Ísakot ýmist sögð verða 3,5 ha eða 1,7 ha að flatarmáli eftir breytingu.
- Í greinargerð kemur fram að flatarmál námu E8 við Sámsstaðamúla minnki úr 7 ha í 2,7 ha. Í umhverfisskýrslu og á uppdrætti er hins vegar gert ráð fyrir því að náman nái yfir stærra svæði en áður.
- Gera þarf grein fyrir hversu mikið einstaka efnislosunarsvæði stækka að flatarmáli og hversu stór þau verða eftir stækkun.
- Gera þarf grein fyrir tilkynningarskyldu framkvæmdar í greinargerð.

Skipulagsstofnun ítrekar það sem kom fram í umsögn stofnunarinnar við lýsingu og matslýsingu. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breytingar á þeirri framkvæmd sem tilkynnt var um árið 2013. Framkvæmdin fellur því undir lið 13.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og er



tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Gera þarf grein fyrir tilkynningarskyldu framkvæmdar í greinargerð.

Egill Þórarinnsson

Egill Þórarinnsson

